Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
11. nóvember 2010
45. tbl. · 27. árg.



Lesið í snjóinn

„Þessi fræðigrein er ekki mjög proskuð, hún er tiltölulega ný. Það er ekki langt síðan menn fóru að spá í snjómælingar með einhverjum verkfærum," segir Örn Ingólfsson, sem hannað hefur nýtt tæki sem gagnast gæti vel í snjóflóðavörnum. Hann segir frá verkefninu, smitandi flugdellu og uppvextinum á Bökkunum á Ísafirði á miðopnu.



„Gefur svigrúm til að komast yfir erfiðasta hjallann“

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Jón Bjarnason, hefur ákveðið að auka hámark úthlutunar til minni byggðarlaga verði hækkað úr 150 tonnum í 300 tonn. „Þetta getur sannarlega orðið mikilvægur hlekkur í stærri keðju þannig að hægt sé að tengja saman hluti svo að rekstur, útgerð og vinnsla komi sterkara út. Þetta verður vonandi liður í því að uppsagnirnar verði dregnar til baka,“ segir Teitur Björn Einarsson, stjórnarformaður Eyrarodda á Flateyri í samtali við Morgunblaðið en 42 manns var nýlega sagt upp hjá fyrirtækinu.

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, tekur undir að ákvörðunin hafi mikil áhrif á atvinnumöguleika á Flateyri. „Hitt hefði verið dauðadómur. Þetta skiptir öllu máli og gefur mönnum svigrúm til þess að komast yfir erfiðasta hjallann og vonandi verður hægt að bæta við þetta,“ segir hann í samtali við Morgunblaðið.

Sjávarútvegsráðherra setur skilyrði fyrir viðbótinni. „Það þótti sjálfsagt að nýta það svigrúm sem er innan heimilda varðandi byggðakvótann. En ég legg mikla áherslu á að löndun og vinnsla sé á viðkomandi stað. Það er grundvallarskilyrði fyrir þessari viðbót.“

Viðbótin er ætluð fyrir byggðir sem hafa færri en 1500 íbúa og hafa sætt mestu tapi á aflahlutdeildum á síðustu árum. „Þetta eru góðar fréttir fyrir íbúa á Flateyri, þaðan sem 95% aflamarksins var flutt í burtu af staðnum árið 2007. Því má reikna með að Flateyri muni fá úthlutað hámarkinu 300 tonnum af byggðakvóta samkvæmt nýju reglugerðinni. Önnur byggðarlög sem gætu notið góðs af þessari viðbót eru Vopnafjörður, Stöðvarfjörður, Árskógssandur, Ólafsvík og Grundarfjörður,“ er haft eftir Hinrik Greipssyni sérfræðingi í sjávarútvegsráðuneytinu.

– thelma@bb.is

Búrið útnefnir bæjarlistamann

Lísbet Harðardóttir, eigandi Búrsins, sem er minnsta gallerý Evrópu svo vitað sé, finnst ótækt að ekki verði útnefndur bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar í ár og ætlar því að hrinda af stað átaki. „Frá 15. nóvember og fram til jóla verður hægt að kasta klinki í búrið svo að titill bæjarlistamanns Ísafjarðarbæjar fái að halda lífi í allavega eitt ár enn,“ segir Lísbet. Búrið mun sjálft leggja til 100.000 krónur og svo geta bæjarbúar lagt sitt af mörkum með því að gefa skotsilfur til málstaðarins.

Að loknu kjöri hefur Lísbet í hyggju að bjóða bæjarlistamanninum að sýna reglulega í Búrinu. „Þannig geta bæjarbúar fengið að fylgjast með verkum hans á árið sem hann ber nafnbótina,“ segir hún. Lísbet tekur fram að hún sé ekki að þessu til að aðstoða bæjaryfirvöld. „Þvert á móti þyki mér skömm að ákvörðun þeirra og hún hallærisleg í alla staði. Ástæðan fyrir þessu athæfi mínu er mikið frekar að halda þessu gangandi hvernig sem það svo gengur, svo að í það minnsta eitt af þeim apparötum sem starfa í þágu listarinnar viðurkenni störf listafólks á svæðinu.“

Myndir dagatalsins sýnir fólk í í íslenskum þjóðbúningum í daglegu amstri við leik og störf. Mynd: Ágúst Atlason.

Öðruvísi myndir af þjóðbúningum

Þjóðbúningafélag Vestfjarða gefur út dagatal í desember. Um er að ræða dagatal með tólf myndum af konum, börnum og körlum í íslenskum þjóðbúningum í daglegu amstri við leik og störf og í skemmtilegum aðstæðum. „Hingað til hefur fólki í íslenskum þjóðbúningum einkum verið stillt upp við gömul hús eða gamla muni. Það er markmið félagsins að hvetja sem flesta til að eignast þjóðbúning og ekki síst að nota hann við hvert tækifæri. Hugmyndin er að með nýrri nálgun muni fólk frekar setja búninginn í samhengi við líf nútíma Íslendings og þar með vekja áhuga yngra fólks á þessum menningararfi okkar,“ segir Matthildur Helgadóttir Jónudóttir í Þjóðbúningafélaginu. Myndirnar eru teknar af Ágústi Atlasyni áhugaljósmyndara.

Matthildur segir myndirnar vera skemmtilegar og öðruvísi og ættu því að hafa sérstöðu og vekja athygli. „Við höfum einnig ákveðið að láta prenta póstkort af myndunum og setja í sölu hjá þeim aðilum sem selja muni til ferðamanna.“

– thelma@bb.is

Óbreytt starfsemi á Bolafjalli

„Engar ákvarðarnir liggja fyrir um breytingar á rekstri ratsjárstöðvarinnar á Bolafjalli,“ segir Guðmundur Helgason, formaður verkefnastjórnar Varnamálastofnunnar. Í júní á þessu ári voru samþykkt á Alþingi lög sem kveða á um að Varnamálastofnun verði lögð niður 1. janúar nk., en Guðmundur segir að sú ákvörðun muni ekki hafa nein áhrif á starfsemi ratsjárstöðvarinnar.

„Þetta eru fyrst og fremst skipulagsbreytingar sem ekki munu breyta rekstri stövarinnar. Þarna munu eftir sem áður vera að jafnaði tveir starfsmenn búsettir í Bolungarvík sem sjá um almennt viðhald og gæta þess að vegurinn sé fær upp á Bolafjall,“ segir Guðmundur.

kte@bb.is

Samkaup úrval góðir grannar

...sjá fleiri sparnaðartilboð á **samkaupurval.is**

Sparnaðartilboð helgarinnar **11.-14. nóvember**

30% afsláttur

~~1.698~~

1.189 kr/kg

Svínahnakki

úr kjötborði eða pakkaður ferskur

20% afsláttur

~~2.475~~

1.980 kr/kg

Svínalundir

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

29% afsláttur

Frá Ísfugli

Mexíkóleggir

590 kr/kg

verð áður 831 kr/kg

20% afsláttur

úr kjötborði eða pakkaður ferskur

Lambahryggur

1.278 kr/kg

verð áður 1.598 kr/kg

Mexíkóskur lambakjötsréttur

...sjá uppskrift á samkaupurval.is

19% afsláttur

~~1.098~~

889 kr/kg

Lambagrillleggir

úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

1.698 kr/kg

Lambakótilettur

með raspi, frystar, frá Kjötseli

1.698 kr/kg

Lambalærissneiðar

með raspi, frystar, frá Kjötseli

...einstök þjónusta **í góðum verslunum**

á Akureyri, Blönduósi, Bolungarvík, Borgarnesi, Dalvík, Egilsstöðum, Grundarfirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Neskaupstað, Ólafsfirði, Selfossi, Siglufirði og Skagaströnd

P&Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

Iðnaðarmaður að störfum á Hólmavík. Ljósm: strandir.is.

Dökkt útlit hjá verktökum

„Því miður er ekki hægt að segja annað en að útlitið sé dökkt," segir Magnús Geir Helgason, framkvæmdastjóri verktakafyrirtækisins Geirnaglans ehf., á Ísafirði. „Ef fram fer sem horfir er ég hræddur um að uppsagnir séu óumflýjanlegar. Við erum að reyna að fresta þessu eins og hægt er en líklega verður tilkynnt um þetta fyrir jól í það síðasta," segir Magnús. Sigurður Óskarsson, framkvæmdastjóri KNH, segir verkefnastöðuna í vetur ekki vera góða. „Við höfum fækkað starfsfólki um 45 manns í ár og munar mikið um það. Það er ágætt að gera hjá okkur fram að áramótum. Það verður hins vegar rólegt hjá yfir hörðustu vetrarmánuðina og fram á vor en staðan næsta sumar lítur ágætlega út. Þetta má eitthvað fara að lifna við, það er alvega ljóst," segir Sigurður.

Hermann Þorsteinsson, einn af eigendum Vestfirskra verktaka á Ísafirði, segir verkefnastöðuna góða fram að áramótum en lítið sé að verkefnum eftir áramót. „Vonandi kemur ekki til þess að segja þurfi upp starfsfólki en við erum á varðbergi ef allt fer á versta veg. Um áramótin fellur úr gildi reglugerð um 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti og ekki er það til þess fallið að ýta undir framkvæmdir en við skulum vona að ríkisstjórnin framlengi þetta ákvæði."

Tíu Vestfirðingar bjóða sig fram

Tíu þeirra 523 frambjóðenda sem sækjast eftir kjöri á Stjórnlagaþing eru búsettir á Vestfjörðum. Er hnífjafnt skipt á milli kynja. Frambjóðendurnir sem búsettir eru á Vestfjörðum eru; Alda Davíðsdóttir, framkvæmdastjóri í Vesturbyggð, Elías Oddsson nemi, sjálfstætt starfandi í ferðaþjónustu ofl., í Ísafjarðarbæ, Eva Sigurbjörnsdóttir, hótelstýra í Árneshreppi, Ragnhildur Sigurðardóttir þýðandi í Ísafjarðarbæ, Eyþór Jóvinsson nemi í arkitektúr og sjómaður í Ísafjarðarbæ, Gunnar Þórðarson ráðgjafi í Ísafjarðarbæ, Herbert Snorrason stúdent í Ísafjarðarbæ, Ingibjörg Daníelsdóttir þjónustufulltrúi hjá Vegagerðinni í Ísafjarðarbæ, Ingibjörg Snorradóttir Hagalín húsmóðir í Ísafjarðarbæ og Jón Pálmar Ragnarsson stjórnmálafræðingur í Bæjarhreppi. Kosningin fer fram laugardaginn 27. nóvember.

Áhugi á vinabæjarsamstarfi kannaður

Vesthimmerlands kommune í Danmörku hefur sent Ísafjarðarbæ bréf þar sem greint er frá því að sveitarfélagið sé að leita að vinabæjarsamskiptum við sveitarfélag á Íslandi. Bæjarráð tók erindið fyrir á síðasta fundi og fól bæjarstjóra að kanna afstöðu núverandi vinabæja Ísafjarðarbæjar á Norðurlöndum til þessa máls. Ísafjarðarbær á nú fimm vinabæi; Joensuu í Finnlandi, Tönsberg í Noregi, Linköping í Svíþjóð, Runavík í Færeyjum og Nanortalik á Grænlandi. Roskilde var vinabær sveitarfélagsins en ákvað árið 2007 að slíta vinabæjarsamstarfinu

Léttari greiðslur
- til skemmri tíma

Viðskiptavinum með lán hjá Landsbankanum standa til boða nokkrir kostir til að lækka mánaðarlega greiðslubyrði sína til skemmri tíma.

Fastar greiðslur
· Greidd er föst fjárhæð af láninu í allt að 12 mánuði
· Fyrir þá sem eru með íbúða- eða fasteignalán

Frestun afborgana
· Einungis eru greiddir vextir af láni í allt að 12 mánuði
· Fyrir þá sem hafa orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu eða ófyrirséðum breytingum á aðstæðum

Frestun afborgana og vaxta
· Greiðslum af íbúða- eða fasteignalánum er frestað í allt að 12 mánuði
· Fyrir þá sem hafa orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu eða ófyrirséðum breytingum á aðstæðum

Lækkun yfirdráttar
· Skammtímaskuldir í formi yfirdráttar og kreditkortaskuldar eru endurfjármagnaðar á hagstæðari kjörum
· Fyrir þá sem vilja losna við skammtímaskuldir

Við tökum vel á móti þér um land allt.

LAUSNIR FYRIR HEIMILI | landsbankinn.is | 410 4000

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

ENNEMM / SÍA / NM44272

1970 - 2010 TOYOTA Á ÍSLANDI

TOYOTA

Það er yndi að aka

Nú er **sértilboð** á rafgeymum, rúðuþurrkum og ljósaperum hjá **Bílatanga**



Priggja ára ábyrgð á Toyota rafgeymum

ÍSLENSKA/SIA/IS/TOY 52204 11/10

Ökum betur í vetur – Engin vandamál, bara lausnir

Nú er sértilboð á rafgeymum, rúðuþurrkum og ljósaperum hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota á Íslandi.

Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

Bílatangi Ísafirði
Suðurgata 9
400 Ísafjörður
sími: 456-4580

www.toyota.is

Today Tomorrow Toyota

Óttast að fjármagnið sé ekki nægt

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir marga sveitarstjórnarmenn hafa á sér fyrirvara vegna flutnings málefna fatlaðra 1. janúar 2011 og óttist að fjármagn verði ekki nægjanlegt. „Þar er vísað til reynslu af flutningi grunnskólans 1996. Þó þar hafi ýmislegt reynst erfitt eru trúlega flestir ef ekki allir samt ánægðir með að grunnskólinn sé hjá sveitarfélögunum," segir Halldór í pistli á vef sambandsins þar sem hann fer yfir landsþing sveitarfélaga sem haldið var í haust. Hann bendir á að nokkur atriði séu enn ófrágengin hvað varðar flutning á málefnum fatlaðra en þau eigi að leysast jafnt og þétt enda gríðarlega mikil vinna í gangi um allt land.

„Gert er ráð fyrir að starfsmenn færist milli félaga rétt eins og milli vinnuveitenda um áramótin enda er SFR félag ríkisstarfsmanna og þyrfti lagabreytingu til að starfsmenn sveitarfélaga gætu verið þar áfram. Það er jafnframt óþarfi að mati sérfróðra aðila sem hafa tekið út réttindi og hagsmuni starfsmanna," segir Halldór á samband.is.

Spurningin

Ert þú fylgjandi því að Norðurlöndin myndi eitt sambandsríki?

Alls svöruðu 405.
Já sögðu 259 eða 64%
Nei sögðu 146 eða 36%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Ákveðin norðaustanátt með ofankomu fyrir norðan og austan, en annars bjartviðri. Vægt frost.
Horfur á laugardag:
Minnkandi norðanátt með éljum fyrir norðan, en björtu syðra. Svalt veður.
Horfur á sunnudag:
Hæg norðlæg eða breytileg átt og dálítil él norðaustanlands, en annars léttskýjað. Kalt í veðri.

Áttatíu umsóknir um styrki

Áttatíu umsóknir um styrki bárust Menningarráði Vestfjarða að þessu sinni en umsóknarfrestur rann út fyrir stuttu. Jón Jónsson, menningarfulltrúi Vestfjarða, segir að um sé að ræða svipaðan fjölda umsókna og undanfarin ár. „Þetta er blanda af litlum verkefnum og stórum og skemmtilegum hugmyndum sem sprengikraftur er í og við erum glaðir með þátttökuna. Nú tekur við tími þar sem menningarráðið fer yfir umsóknirnar, vegur og metur bæði verkefnin og umsóknirnar en þetta þarf að fara saman, þ.e. að verkefnin séu spennandi og umsóknirnar vel unnar. Ráðið tekur sér mánuð í þessa yfirlegu þannig niðurstöður verða sjálfsagt kynntar um næstu mánaðamót," segir Jón og bætir við að Menningarráð hafi afhent vilyrði fyrir styrkjum við athöfn sem haldin hefur verið víðsvegar í fjórðungnum og fyrirhugað sé að halda þeirri hefð áfram.

Sjóðurinn hefur um 15 milljónir króna til ráðstöfunar í þetta sinn og segir Jón að starfsemi ráðsins sé nokkuð trygg þrátt fyrir mikinn niðurskurð í fjárlögum. „Í fjárlögum sem nú liggja fyrir þinginu er gert ráð fyrir áframhaldandi starfi menningarráðanna og nú er verið að vinna að samningi við menntamálaráðuneytið um hvernig starfinu verði háttað til framtíðar. Hugsanlega verður um einhvern niðurskurð að ræðan en það á ekki að leggja starfsemina niður eins óttast var um í sumar," segir Jón.

– kte@bb.is

Gistinóttum fjölgar á Vestfjörðum

Gistinóttum á Vestfjörðum og Vesturlandi fjölgaði um tæp 12% í september miðað við sama mánuð í fyrra og voru 4.145 í samanburði við 3.717 í september 2009. Gistinóttum fækkaði hins vegar í öðrum landshlutum að Suðurnesjum undanskildum, og á landsvísu nam fækkunin rúmum 8%, voru 111.200 en 121.200 í sama mánuði á síðasta ári. Mest var fækkunin á Austurlandi eða tæplega 20%.

Á Vesturlandi og Vestfjörðum munaði mest um erlenda gesti en þeim fjölgaði um rúm 20% voru 2.553 en 2.111 í september í fyrra. Gistinóttum Íslendinga fækkaði hins vegar lítilega eða um tæpt 1%. Fyrstu níu mánuði ársins fjölgaði gistinóttum um 3% á Vestfjörðum og Vesturlandi en á landinu öllu fækkaði þeim um sömu prósentutölu.

Útlendingum fjölgað um 20% á hótelum á Vestfjörðum og Vesturlandi.

Hagstofan birtir tölur um gistinætur mánaðarlega en vef stofnunarinnar er athygli vakin á því að tölurnar ná eingöngu til gistinótta á hótelum, þ.e. hótelum sem opin eru allt árið. Til þessa flokks gististaða teljist hvorki gistiheimili né hótel sem eingöngu eru opin yfir sumartímann.

Ritstjórnargrein

Líflína

Sölu Slysavarnarfélagsins Landsbjargar á Neyðarkallinum 2010 lauk með formlegum hætti um helgina. Svo vildi til að á sama tíma og þessi fjölmennu og mikilvægu samtök sjálfboðaliða, þar sem hver og einn liðsmaður er reiðubúinn að leggja allt í sölurnar til hjálpar samborgurum, í nauðum staddir, barst sú fregn að sjávarútvegsráðherra hefði ákveðið að auka aflamark sem líklegt er að nokkur byggðarlög sem illa hafa orðið fyrir barðinu á kvótakerfinu, komi til með að njóta.

,,Þetta getur sannarlega orðið mikilvægur hlekkur í stærri keðju þannig að hægt sé að tengja saman hluti svo að rekstur, útgerð og vinnsla komi sterkara út. Þetta verður vonandi liður í því að uppsagnirnar verði dregnar til baka," sagði Teitur Björn Einarsson, stjórnarformaður Eyrarodda á Flateyri, í viðtali við Mbl. á laugardag.

Frá því að Einar heitinn Oddur fékk frændlið til liðs við sig til að bjarga því sem bjargað varð eftir viðskilnað Kambs hefur verið á brattann að sækja sakir slakrar kvótastöðu Eyrarodda og reksturinn að mestu grundvallast á aðkeyptu hráefni á mörkuðum og leigukvóta. Allt á þetta rót sína að rekja til mannanna verka, sem ekki eru óbreytanleg, eins og Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, orðaði það, um þröngan stakk sem ráðherra kvað sér sniðinn til inngripa: ,,Þetta skiptir öllu máli og gefur mönnum svigrúm til þess að komast yfir erfiðasta hjallann og vonandi verður hægt að bæta við þetta." Í þessum orðum bæjarstjórans felst vonin um að ,,agnið", sem felst í kvótaúthlutun ráðherrans, leiði til þess að aðrar útgerðir og kvótahafar sjái sér akk í samstarfi við Eyrarodda og komi með veiðiheimildir, sem skapi á ný grundvöll fyrir fiskvinnsluna; líflínu byggðarlagsins.

BB hefur áður sagt að vandamálið á Flateyri sé ekki einkamál íbúanna þar, heldur þjóðarinnar; sprottið af misráðnum mannanna verkum, sem eins og bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar hefur réttilega bent á, eru ekki ósnertanleg. Eftir að meinsemdirnar í kvótakerfinu hafa fengið að grafa um sig í jafn langan tíma og raun ber vitni, er ljóst að batinn tekur tíma og vanda þarf þau úrræði, sem til verður gripið. Hvert ár sem líður án þess að hafist sé handa, eykur vandann.

Haft var eftir skólastjóra grunnskólans á Flateyri að hann merkti ekki enn sem komið væri að óvissan í atvinnumálum hefði náð tökum á nemendum. Vonandi rætist úr gangi mála með það skjótum hætti að ungmennin, sem við trúum að framtíð byggðarlagsins byggist á, geti áhyggjulaus gengið í gegnum vikurnar sem eftir lifa til hátíðarinnar, sem þau eflaust eru farin að hlakka til.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is.* · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, *kte@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Mismunur á húshitunarkostnaði gríðarlegur

Bæjarráð Bolungarvíkur vekur athygli á því að umtöluð hækkun Orkuveitu Reykjavíkur þyrfti að vera fjórföld til að kostnaður við hitun á 200 m² húsi á höfuðborgarsvæðinu væri sambærilegur við það sem gerist í þéttbýli á Vestfjörðum. Þetta kemur fram í bókun þar sem bæjarráð tók fyrir bréf frá Víði Benediktssyni til sveitarfélaga á Vestfjörðum þar sem vakin er athygli á miklum mismun á húshitunarkostnaði á milli landshluta.

„Til að kostnaðurinn við kyndingu á höfuðborgarsvæðinu næði kostnaði við kyndingu í dreifbýli á Vestfjörðum hefði hækkunin þurft að vera 6-föld," segir í fundarbókuninni. Bæjarráð benti á að athygli iðnaðarráðherra á málinu var m.a. vakin á aðalfundi samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum í október.

– thelma@bb.is

Hegningarlagabrotum fjölgar

Fjöldi hegningarlagabrota á Vestfjörðum jókst töluvert í septembermánuði samanborið við sama mánuð í fyrra. 33 brot voru framin í september síðastliðnum en aðeins átta á sama tímabili í fyrra. Helst má sjá mun í fjölda þjófnaða og innbrota að því er fram kemur í skýrslu um afbrotatölfræði sem ríkislögreglustjóri hefur gefið út. Umferðarlagabrotum fjölgaði einnig milli ára en þau voru 41 í síðasta mánuði en 26 árið áður og 31 árið 2008.

Fíkniefnalagabrot voru fimm í september í ár en ekkert slíkt brot kom inn á borð lögreglunnar á Vestfjörðum í sama mánuði í fyrra en þau voru einnig fimm árið 2008. Rétt er að taka fram að sá varnagli er settur fram í skýrslunni að í þeim umdæmum þar sem brot eru færri er þróun þeirra viðkvæmari milli ára og varast ber að lesa mikið í þær breytingar, sérstaklega ef þær eru tilviljunarkenndar.

– thelma@bb.is

Kominn með aðstoðarmann

Stefán Arnaldsson hefur verið ráðinn aðstoðarþjálfari BÍ/Bolungarvíkur. Stefán, sem er uppalinn í Bolungarvík, lék á árum áður bæði með meistaraflokk UMFB og BÍ. Stefán er íþróttakennari að mennt og hefur um árabil verið virkur í þjálfun yngri flokka og meðal annars þjálfað nokkra að núverandi leikmönnum BÍ/Bolungarvíkur. Stefán er einn af fyrstu Íslendingunum sem útskrifuðust með UEFA A þjálfaragráðu, sem er hæsta þjálfaragráða sem er í boði á Íslandi.

Aðspurður hvað hafi komið til að hann samþykkti að verða aðstoðarþjálfari liðsins segir Stefán að ekki hafi verið hægt að segja nei við þessari beiðni þrátt fyrir að hann hafi ekki tekið að sér þjálfun í nokkur ár.

„Tilfinningin segir mér að þetta verkefni eigi eftir að ná góðu flugi og ég vill verða partur af því." Eins og kunnugt er hefur einn þekktasti þjálfari Íslendinga, Guðjón Þórðarsson, verið ráðinn þjálfari liðsins.

– thelma@bb.is

....fögur er hlíðin og fer ég hvergi...

Hefur blundað í þér að fara í nám?

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða býður upp á fjarnám í Menntastoðum á vorönn 2011. Námið er unnið í samstarfi símenntunarmiðstöðva víðsvegar um landið og gerir því öllum landsmönnum kleift að taka meirihluta námsins í sinni heimabyggð.

Menntastoðir er grunnnám á framhaldsskólastigi. Kennd eru eftirtalin fög; stærðfræði, íslenska, enska, danska, námstækni og tölvu- og upplýsingatækni.
Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að framhaldsskólar geti metið námið til eininga.
Keilir metur námið sem fullnægjandi undirbúning undir framhaldsnám í Háskólabrú.

Námið er 10 mánaða langt og byggir á einni helgarlotu í mánuði þar sem nemendur mæta í tíma á nálæga símenntunarmiðstöð en sækja annars kennslu í gegnum netið.
Námið hefst föstudaginn 7. janúar og lýkur með útskrift í janúar 2012 og geta nemendur innritað sig þá beint í fjarnám í Háskólabrú Keilis sem hefst í janúar 2012.
Námið kostar 110.000 kr.

Skráning fer fram á www.keilir.net
Allar nánari upplýsingar má nálgast inni á www.mss.is eða hafa samband við Hjörleif Þór Hannesson hjá MSS í síma 421 7500.

MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á SUÐURNESJUM
Sími 421 7500 • www.mss.is

mss

Vikurfréttir

Örn Ingólfsson tæknifræðingur hefur komið að ýmsu frá því að hann var stráklingur á Bökkunum. Stór hluti fjölskyldunnar fékk sameiginlega flugdellu og nýtti tæknikunnáttuna til að smíða bæði flugdreka og flugvél. Í dag starfar Örn sem snjóaeftirlitsmaður fyrir Veðurstofuna. Hann hefur hannað tæki til mælinga á snjóalögum sem gæti gegnt lykilhlutverki í snjóflóðavörnum. Einn af Bakkapúkunum Örn kemur úr stórri fjölskyldu. Foreldrar hans eru Ingólfur Eggertsson og Herborg Vernharðsdóttir, úr Fljótavík á Ströndum. Hann og systkini hans fimm ólust upp á Bökkunum, niðri á eyrinni á Ísafirði, við leik og störf.

Krefjandi verkefni

„Við vorum svokallaðir Bakka-púkar," segir Örn og kímir. „Krakkarnir á þessu svæði voru kallaðir það. Það var mikið af börnum þarna og við ólumst upp á bryggjunni. Við prófuðum okkur áfram með ýmislegt og fengum eiginlega að koma og fara eins og við vildum, fiska og leika okkur í hverju sem er," útskýrir Örn, sem segir frelsið sem það bauð upp á hafa verið frábæran þátt í uppvextinum.

„Ég held að það sé allt of mikið bannað fyrir börn í dag. Fólk telur sig vera miklu skynsamara nú en það var þá og geta alið börn betur upp. Ég er nú ekki endilega sannfærður um að það sé rétt. Maður getur ekki alið börn upp með tali einu saman, þau verða líka að fá að prófa hlutina sjálf og læra af því," segir hann.

Systkinin flóttamenn

Móðir Arnar er fædd og uppalin í Fljótavík á Ströndum. Þegar byggðin þar lagðist í eyði, árið 1946, var hún fjórtán ára gömul. Þá fluttist hún til Ísafjarðar, þar sem hún býr ennþá ásamt föður Arnar, Ingólfi Eggertssyni. Þau hjónin dveljast hins vegar enn langdvölum í Fljótavík, halda þangað snemma sumars og snúa ekki aftur fyrr en þegar hausta tekur. Örn kveðst þó ekki hafa verið mikið í Fljótavík sjálfur á yngri árum.

„Við fórum ekki að fara þangað að ráði fyrr en við vorum orðin svolítið eldri, systkinin. Eftir að byggðin laggðist í eyði var lítið farið þangað aftur, fyrr en svona upp úr sextíu, sextíu og fimm, minnir mig," segir Örn.

Systkini hans fimm, þau Hálfdán, Maja, Hörður, Ragnar og Lilja eru í dag dreifð um landið allt og jafnvel út fyrir landssteinanna. „Ég er einn eftir hér, hitt eru allt flóttamenn," segir Örn og hlær við. „Hörður bróðir og Lilja eru á Akureyri, en Halli á Akranesi, þar sem hann vinnur fyrir Hörð Guðmundsson og flugfélagið Erni. Raggi er svo í Noregi," útskýrir Örn. Þau eru þó væntanleg til Ísafjarðar á næstunni, í tilefni af fimmtugsafmæli Ragnars, sem kemur þá til landsins frá Noregi.

Flugdellusmit

Bræðurnir fjórir voru afar samrýmdir og smitsjúkdómar eins og flugdella breiddust hratt út innan hópsins.

„Þetta byrjaði eiginlega með Halla. Hann fékk flugdellu og byrjaði að læra að fljúga. Þar með fór þetta að smitast út í fjölskylduna, þó að Halli sé sá eini sem er í atvinnumennskunni. Hann tók prófið og fór þá fljótlega að vinna hjá Herði, þegar hann var hérna á Ísafirði með flugfélagið Erni. Halli vann hjá honum í nokkur ár og hefur farið víða," útskýrir Örn.

Dellan hófst hins vegar á flugdrekasmíðum, það er að segja flugdrekum af þeirri gerð sem menn hanga neðan í og fljúga með niður brekkur. „Þetta er svona grind úr álrörum sem á er strengdur segldúkur. Með þessu hopparðu fram af bröttum brekkum og svífur til jarðar," útskýrir Örn.

Sagan af fyrsta flugdreka Halla hefur margsinnis verið sögð. Sá dreki var smíðaður út frá mynd í viskíauglýsingu sem Halli sá í tímaritinu Playboy. Eftir að hafa grandskoðað hlutföllin réðst hann í smíðina. „Hann renndi sér á skíðum með þennan dreka, flöturinn var svo lítill að það þurfti mikinn hraða til að komast á loft. Ég held hann hafi verið fyrstur á Íslandi til að prófa þá aðferð," segir Örn.

Þeir bræður stunduðu flugdrekahoppin víða í kringum Ísafjörð, fyrst á skíðum í Seljalandsdal, á Þverfjalli og á Þingeyri. Aðspurður hvort ekki örli á taugatitringi fyrir fyrsta hopp segir Örn svo varla vera, enda sé farið varlega af stað.

„Þessu er tekið mjög rólega. Menn byrja bara á hólahoppi svokölluðu. Þá er farið í brattar brekkur í grasi þar sem gott er að detta og það leggur góðan vind upp brekkuna. Maður fer bara stutt fyrst og fikrar sig smám saman ofar. Þannig fær maður alltaf betri og betri tilfinningu fyrir því hvernig tækið lætur og hegðar sér í vindi," útskýrir Örn. „Þetta er svona eins og smáfuglarnir læra að fljúga, maður byrjar bara á að blaka vængjunum aðeins út í loftið," bætir hann við og kímir.

Góður undirbúningur

Örn segir flugdrekahoppin kenna manni ýmislegt sem reynist ansi hagnýtt þegar upp í flugvélar er komið, enda eigi þeir bræður mörg hundruð stökk að baki.

„Maður lærir þarna góða míkróveðurfræði, eins og ég kalla það. Maður lærir hvernig vindarnir hegða sér nálægt fjöllum. Það kemur sér mjög vel í fluginu að kunna það," segir Örn. „Ég get stundum séð hvort menn hafi reynslu úr flugdrekahoppum á því hvernig þeir fljúga. Flugmenn sem hafa ekkert verið í svifflugi eða öðrum slíkum greinum fljúga flugvélunum svolítið öðruvísi. Þeir fljúga til dæmis á suma staði sem mér myndi aldrei detta í hug að gera, af því að þeir átta sig ekki á því að þar eru leiðindavindar," útskýrir hann.

Auk þess að stunda flugdrekahoppin á heimaslóðum hefur Örn spreytt sig á hoppum í öðru umhverfi.

„Við fórum einu sinni saman til Lanzarote með flugdrekana. Umhverfið þar er nú svolítið svipað og Ísland, þetta er eldfjallaeyja með litlum gróðri. Landslagið og vindarnir voru svipaðir, þeir voru bara töluvert hlýrri," segir Örn og brosir. „Svæðið var gríðarlega fallegt og vindarnir stöðugri en hér heima, svo þetta var allt annað líf og mjög gaman," bætir hann við.

Að hoppa á nýjum stað var ekki heldur sérstaklega erfitt, að sögn Arnar. „Það var náttúrulega margt fólk á staðnum sem þekkti aðstæður þar vel. Og svo var maður sjálfur farinn að geta séð það vel út hvernig vindarnir láta," útskýrir hann. Frekari flugdrekaferðalög eru þó ekki á döfinni, enda hafa drekarnir látið í lægra haldinu fyrir flugvélunum hjá bræðrunum.

„Við erum vaxnir upp úr þessu í dag," segir Örn og hlær við. „Við vorum í þessu frá svona 1976 til 1980, um það bil. Það er svo langt um liðið að allt dótið okkar er löngu orðið úrelt. Það er eins með þennan útbúnað og annan, hann tekur út svo mikinn þroska á hverju ári, þróast og bætist. Þetta er eins og hver önnur framleiðsluvara," segir Örn.

Flugvélasmíði í bílskúrnum

Hálfdán, bróðir Arnar, var sem áður sagði smitberinn hvað flugdellu fjölskyldunnar varðar. Í kringum 1980 var stefna hans, og smám saman bræðranna allra, tekin á flugnám.

„Þetta endaði á því að pabbi fór líka í nám og tók prófið. Við erum allir með einkaflugmannspróf, en Halli er sá eini sem er í atvinnumennsku. Systur okkar hafa hins vegar ekkert smitast af þessu, ætli þær séu ekki jarðbundnari en svo," segir Örn og kímir.

Þeir bræður létu þó ekki staðar numið við að læra flug heldur byggðu sér sömuleiðis flugvél. „Við smíðuðum saman fimm í hóp litla tveggja sæta vél. Við keyptum tilbúið „kitt" frá Bandaríkjunum og svo fólst vinnan í að setja það saman, af mikilli vandvirkni. Helmingurinn var settur saman í bílskúrnum hjá mér, og svo gerðum við vængina í kjallaranum hjá pabba. Þetta gekk ljómandi vel, en er mjög seinleg vinna," útskýri Örn. „Raggi bróðir smíðaði sér líka vél, úr plasti, sem var enn meiri vinna og tók ellefu ár. Það var alveg frá grunni," bætir hann við.

Í sjálfboðavinnu á sumrin

Í dag flýgur Örn þó á vél sem keypt var frá Bresku Kolumbíu í Kanada og helst á Hornstrandir á vegum félagsins Strandaflugs.

„Við höfum verið að fljúga mikið þangað, því mamma er með sumarbústaðinn í Fljótavík sem þau pabbi dveljast mikið í á sumrin. Við keyptum mjög fljótlega eftir flugnámið vél til að sinna þeim flugum, þá fyrstu um 1980, aðra upp úr 1995 og þá síðustu núna 2005. Þá tókum við okkur til og stofnuðum um hana félag, fjórir flugmenn á Ísafirði og svo nokkrir sem eiga sumarbústaði þarna fyrir norðan, í Fljótavík, Hornvík og Reykjafirði," útskýrir Örn. „Það er mjög öflug sex sæta vél sem er alveg kjörin í þessi flug. Hún getur til dæmis lent á mjög stuttum brautum, sem hentar mjög vel."

Eftir að félagið Strandaflug var stofnað hafa flugmennirnir þó tínst burt einn af öðrum. „Þeir eru allir flóttamenn, nema ég," segir Örn og hlær. „Ég er eiginlega í þessu í sjálfboðavinnu stóran hluta af sumrin, skemmtunarinnar vegna. Við fljúgum mest fyrir þá sem eiga húsnæði þarna, þó það komi líka einstaka hopp á hverju sumri fyrir aðra. Hörður bróðir, sem býr á Akureyri, kemur að vísu alltaf á sumrin og

leysir mig af í einhvern tíma. Þá kemst ég í sumarfrí og hann fær að fljúga svolítið, sem hann hefur mikið gaman af," útskýrir Örn.

Hvattur áfram af þvottavélum

Það liggur í augum uppi að Örn hefur áhuga á ýmsu því sem tengist smíðum og vélum. Hann er enda lærður tæknifræðingur frá Árósum í Danmörku, en hafði starfað fyrir Pólinn hf. á Ísafirði áður en hann hélt út í nám.

„Ég var þá búinn að taka sveinspróf í rafvirkjun og vann fyrir Pólinn. Ég var mjög heppinn að því leyti að þetta fyrirtæki var eiginlega í öllu mögulegu, svo við fengum reynslu víða. Við unnum í bátum, frystihúsum, rækjubátum, bílum og öllu mögulegu. Þeir sem læra rafvirkjun í Reykjavík, til dæmis, geta lent í því að vera kannski eingöngu í að draga rafmagn í hús. Við fengum miklu breiðari reynslu," útskýrir Örn.

Hann hélt hins vegar út í nám nokkru síðar. „Ég var búinn að vera í því að gera við þvottavélar og uppvöskunarvélar. Mér var farið að leiðast svo hræðilega að vinna í því að það eiginlega hvatti mig til að halda áfram og fara út í nám. Svona er þetta stundum, maður þarf eitthvað svona til að hvetja sig áfram. Sumum þarf nánast að segja upp til að þeir fái kraftinn til að fara að gera eitthvað annað," segir Örn og kímir.

Í Árósum lærði hann tæknifræði. „Þegar ég var í þessu námi skiptist það í tvo hluta, annars vegar veikstraum, sem eru útvörp og slík tæki, og svo sterkstraum, eins og Orkubúið og Landsvirkjun og slík fyrirtæki vinna með. Ég var í veikstraumnum og tölvutengda náminu," útskýrir Örn.

Þegar heim var komið hóf hann aftur vinnu hjá Pólnum, ekki í þvottavélaviðgerðum þó. „Á þeim tíma var mikill uppgangur hérna í frystihúsunum, sem höfðu mikinn kaupmátt. Við byrjuðum á að smíða vogir fyrir frystihúsin og stofnuðum í framhaldi af því sérstaka deild innan fyrirtækisins í kringum það. Við framleiddum þá líka skipavogir fyrir útgerðina og tæki sem notuð eru í fiskvinnslu, það sama og Marel gera í dag. Við vorum einmitt í harðri samkeppni við þá alveg fram á það síðasta," segir Örn. „Þetta var mikil og góð reynsla. Svo seldum við þann hluta í félaginu og í kjölfar þess réð ég mig í hlutastarf hjá Veðurstofunni. Ég var samt byrjaður að prófa mig áfram með tæki til snjómælinga fyrir það, sem er einmitt það sem ég vinn við núna," útskýrir hann.

Ný fræðigrein

Örn hefur síðustu ár unnið að því að þróa betri tæki til snjómælinga en áður hefur gefist kostur á. Upplýsingarnar sem

tækið aflar gera mönnum kleift að átta sig betur á snjóalögum og mögulegum stöðugleika.

„Þegar við fengum á baukinn í snjóflóðunum árið 1995 var þetta gert í mjög litlum mæli hér. Oddur Pétursson var þá búinn að vera í snjóaathugunum hér í nokkur ár, að reyna að átta sig á því hvað snjórinn er stöðugur, hvort það sé snjóflóðahætta eða ekki,“ útskýrir Örn. „Þessi fræðigrein er ekki mjög þroskuð því hún er tiltölulega ný. Það er ekki langt síðan menn fóru að spá í þetta með einhverjum verkfærum. Hins vegar hafa þeir náttúrulega verið að reyna að lesa í snjóinn í margar aldir, á snjóþungum svæðum eins og þessu,“ bætir hann við.

Í kjölfar snjóflóðanna 1995 var fjármagni veitt til kaupa á mælitækjum erlendis frá. Þau voru sett upp á nokkrum stöðum á landinu. „Þegar ég kom að þessu fór ég að hugsa um hvernig væri hægt að gera betra tæki, því það kom fyrir að þessi tæki dyttu út. Þau voru ekki nógu stöðug. Það gerðist sérstaklega í ísingaveðri og skafrenningi, sem er nú oft einmitt tíminn sem maður þarf virkilega á því að halda að þau virki,“ útskýrir Örn.

Lesið í snjóinn

Örn hefur einbeitt sér að því að hanna einfaldan mæli sem virkar vel í erfiðum aðstæðum. „Markmiðið er að hann verði ekki of dýr, virki vel og sé einfaldur í uppsetningu. Þetta er vonandi að smella núna, en þessi vetur er svolítið afgerandi,“ segir Örn.

„Tækið mælir snjódýpt, það er að segja hversu mikið snjómagn er komið á staðnum sem er notaður sem viðmið fyrir svæðið. Á þessu svæði hér er þetta í kringum sex hundruð metra hæð,“ útskýrir Örn.

Tækið sem Örn hefur hannað er stöng, sem mælir bæði dýpt og hitastig í snjólögunum. „Mælirinn sendir þessar upplýsingar reglulega frá sér í gegnum GSM-kerfi og við fáum þær beint inn á miðlægt kerfi þar sem við getum skoðað tölurnar. Með því að mæla hitastigið fást betri upplýsingar um hvernig snjórinn er, hvort hann er blautur eða þurr og hvernig hann eldist. Það geta verið veik lög neðarlega í snjóþekjunni, sem geta verið til staðar í langan tíma. Þau eru afar varasöm. Ef maður býr yfir þessum upplýsingum um hitastig hefur maður betri forsendur til að ráða í stöðugleika,“ útskýrir hann.

Bannað að byggja í Hnífsdal

Eftir áfallið 1995, þegar flóðin á Súðavík og Flateyri féllu langt utan þeirra marka sem höfðu áður verið skilgreind sem hættusvæði



varð mikil umræða í þjóðfélaginu um hvernig hættumati á snjóflóðasvæðum væri háttað.

„Ég held að það sé stundum eðli okkar Íslendinga að hlusta ekki á hvorn annan eða taka ekki mark á náunganum,“ segir Örn. „Oddur Pétursson var til dæmis búinn að segja það varðandi Funa, sorpbrennsluna okkar, sem það féll snjóflóð á, að það væri alveg galið að byggja á þeim stað vegna snjóflóðahættu. En það var ekki hlustað á hann,“ segir Örn.

Hann var sjálfur varaður við því að byggja í Hnífsdal af afa sínum. „Hann átti heima í Búð í Hnífsdal, þar sem það féll stórt snjóflóð árið 1911. Þegar við komum heim úr námi vorum við konan mín að leita okkur að stað til að byggja á. Þá var verið að byggja á svæðinu sem nú hefur verið fjarlægt í Hnífsdal. Afi bannaði okkur hreinlega að byggja þar, sagðist myndu snúa sér við í gröfinni! Hann tók loforð af konunni minni um að það myndum við ekki gera,“ segir Örn.

Útflutningur mögulegur

Örn segir komandi vetur verða afgerandi í þróun mælitækjanna sem hann hefur unnið að síðustu ár. „Við höfum verið að einbeita okkur að stöðugleikanum núna síðustu ár. Að mælarnir séu í gangi allan veturinn, því það er náttúrulega ekkert hægt að hlaupa uppeftir og laga þá! Sú vinna hefur verið svolítið tímafrek, en þetta er að hafast. Nú erum við að einbeita okkur að notkuninni og öllum þeim möguleikum sem þeir bjóða upp á,“ útskýrir hann.

Ellefu mælum hefur verið komið upp víðsvegar um landið. Tveir þeirra eru á Austurlandi, tveir fyrir norðan, en sjö á Vestfjörðum. Fjórir mælar hafa verið settir upp í Súðavíkurhlíðinni í samstarfi við Vegagerðina.

„Vegagerðin keypti af mér tvo mæla fyrir tveimur árum. Síðasta vetur fékk ég mjög flott gögn frá öðrum mælinum, svo ég sannfærði þá um að koma tveimur til viðbótar fyrir á svæðinu. Ég vona að þeir muni gera okkur mikið gagn nú í vetur,“ segir Örn.

Fari veturinn vel geti svo farið að ráðist verði í frekari framleiðslu á tækjunum, sem jafnvel gætu ratað á erlendan markað. „Aðstæður hér á Íslandi eru kannski svolítið frábrugðnar öðrum, en ég veit að Norðmenn, í það minnsta, hafa svipaða þörf og við. Þetta er kannski ekki stór markaður, en það er samt snjóflóðahætta víðar en hér,“ segir Örn.

Skemmtilegt verkefni

Það skiptir þá einnig sköpum að tækin verði ekki of dýr í innkaupum eða flókin í rekstri. „Ef flækjustigið verður of hátt, eða ef það þarf að setja mannskap, jafnvel sérhæfðan mannskap, í að reka tækið, gengur þetta kannski ekki. En þetta væri mjög gerlegt ef okkur tekst að halda þessu þannig að tækið sé svipað og sími – það sé einfalt að byrja að nota það, svo noti maður það áfram þangað til það skemmist og þá kaupir maður nýtt. Það gilda hins vegar sömu lögmál og með alla aðra framleiðslu, ef vara er ekki framleidd í miklu magni er erfitt að halda verðinu niðri. Þetta er svona haltu mér-slepptu mér staða, maður gerir víst ekki bæði í einu. En þetta starf hefur allt verið mjög skemmtilegt og gefandi,“ segir Örn að lokum.

– Sunna Dís Másdóttir.

Barát

„Flateyringar og Önfirðingar skora á Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra að koma til fundar við íbúa, bæjaryfirvöld og stjórnendur Eyrarodda hf.,“ segir Guðmundur Björgvinsson, formaður Íbúasamtaka Önundarfjarðar um boðaðar uppsagnir í Eyrarodda. Hann segir íbúasamtökin ekki hafa fundað með bæjaryfirvöldum eftir að greint var frá uppsögnunum en ljóst sé að allir vilji sporna við því að þær verði að veruleika. „Á almennum borgarafundi sem haldinn var á vegum bæjaryfirvalda um daginn kom fram mjög ákveðnar óskir til bæjarfélagsins að beita sér fyrir sérstökum ráðstöfunum í þessari stöðu. Bæjarfulltrúar sem voru á fundinum hétu því að leggja lóð á vogarskálarnar að svo yrði. Ekki hefur verið haldinn formlegur fundur eftir uppsagnirnar en ég veit ekki betur en að þetta standi enn.“

Aðspurður segir hann fregnirnar ekki hafa komið á óvart þó að fólk hafi vonast til þess að ekki yrði af þessu. „Greiðslustöðvunin hefur staðið yfir lungað af þessu ári en menn hafa kannski verið að reyna ýta þessu frá sér og vonað að þetta myndi ekki ganga eftir. Staðan er einfaldlega sú hvorki stjórnvöld eða bærinn hafa komið inn í það dæmi heldur hafa þarna forsvarsmenn hafa verið að reyna leysa úr málunum á eigin spýtur. Hins vegar eru fordæmi fyrir því að yfirvöld komi að uppbyggingu byggðalaga og það þarf að gerast nú. Hér þarf að grípa til sértækra aðferða og að okkar mati hlýtur sú leið að vera fær. Nærtækasta dæmið er þegar bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar beitti sér fyrir því á sínum tíma í kjölfar sambærilegra erfiðleika á Þingeyri að byggðakvótinn sem sveitarfélagið hafði yfir að ráða fór til Þingeyrar, fyrst í fimm ár og svo í tvö ár. Þar er enn fiskvinnsla og væntanlega hefur þessi aðgerð verið grunnurinn að því að eitthvað væri hægt að gera þarna.

Flateyringar hljóta að eiga rétt á aðgangi að auðlindinni eins og aðrir landsmenn. Hér hefur í gegnum árin verið mjög öflug fiskvinnsla og útgerð. Það þorir bara enginn að svara þeirri spurningu hvort það eigi að halda úti byggð á öllu landinu.“

„Barnshafandi konur munu þurfa að búa fyrir sunnan a.m.k. síðustu 2 vikur meðgöngunnar því náttúruleg fæðingarstund er aldrei fyrirsjáanleg með fullri vissu. Enginn veit hvaða fæðing verður án áfalla og hver ekki. Þá skipta mínútur máli.“

„Það verður ekki beint aðlaðandi að taka einn ábyrgð á 6000 manna byggð með ekki nokkur rannsóknar-, greiningar-, eða meðferðarúrræði í boði meðan beðið er eftir utanaðkomandi hjálp þ.e. sjúkraflugi eða flytja sjúklinga 450 km landleiðina. Oft er það nú svo að ófært er bæði flug og landleið vegna veðurs. Hvað þá?,“ segir Örn Erlendur Ingason, læknir hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á heimasíðu stofnunarinnar.

„Fyrirsjáanlega munu einhverjir skaðast vegna fjarlægðar við baklandið í Reykjavík og ótryggra samgangna. Barnshafandi konur munu þurfa að búa fyrir sunnan a.m.k. síðustu 2 vikur meðgöngunnar því náttúruleg fæðingarstund er aldrei fyrirsjáanleg með fullri vissu. Enginn veit hvaða fæðing verður án áfalla og hver ekki. Þá skipta mínútur máli. Ekkert verður hægt að gera þó fullbúið sjúkrahús sé á staðnum með öllu sem til þarf til að veita fæðingar- og bráðaþjónustu. Óvíst verður þar af leiðandi með mönnun lækna á heilsugæslusviði. Farið getur því svo að læknisþjónusta leggist alfarið af í héraðinu.“

Örn bendir á að um það bil 800 innlagnir eru á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði árlega. „Þó ekki nema helmingurinn sé sendur

ttuandi í Flateyringum

Guðmundur segir að á Flateyri sé eitt fullkomnasta fiskvinnsluhús í bolfiski á landinu og því full ástæða til að tryggja að vinnslu verði haldið þar áfram. „Hér átti sér stað mikil uppbygging og endurnýjun á tækjabúnaði á sínum tíma, öll aðstaða er því til staðar svo að hægt sé að reka hér stóran vinnustað.“ Hann segist telja að það hljóti að vera í höndum stjórnvalda að leiðrétta svona hluti. „Við teljum að með smá skynsemi megi á einni nóttu skapa tugi eða hundruð starfa við útgerð og fiskvinnslu vítt og breitt um landið án þess að til komi fjárfestingar þar sem aðstaðan á skipunum er til staðar. Við eigum jú að nota auðlindirnar sem eru við bæjardyrnar hjá okkur landsmönnum til hagsbóta.

Eftirspurn eftir fiski er gríðarleg og markaðsaðstæður góðar þetta yrði því góð viðbót til þess að hjálpa landsmönnum út úr þessum erfiðleikum. Íslendingar hafa verið að bíða í 30 ár eftir endurreisn fiskistofnanna í kjölfar kvótasetningar og getum svo sem beðið pínulítið lengur um að þetta aukist um það sem að var stefnt þó allt bendi til að stofnarnir og lífríki í sjónum sé mjög batnandi og Hafró bent á að það megi bæta við veiðiheimildir án þess að skerða grunninn. Þar af leiðandi telur maður að áhættan af auknum veiðum sé ekki það stór að ekki sé óhætt að auka aflaheimildir til að flýta fyrir að koma þjóðfélaginu á rétta braut. Þarna er hægt að skapa atvinnutækifæri með einu pennastriki.“

Guðmundur segir að grunnur atvinnulífs Íslendinga hafi alltaf verið og verði áfram sjávarútvegur. „Þrátt fyrir ýmislegt annað sem byggt hefur verið upp á landinu, eins og t.d. ferðaþjónusta sem er góðra gjalda vert og skapar veltu og störf, verður það þó ekki grunnurinn fyrir því að hægt sé að halda úti blómlegum byggðum um allt land líkt og sjávarútvegurinn hefur verið í sögu Íslendinga.“

Aðspurður segir um andann meðal íbúa á Flateyri segir Guðmundur að fólk sé eðlilega áhyggjufullt þar sem ástandið í þjóðfélaginu er þannig að það er ekki að einhverju öðru að hverfa. „Staða fólks er náttúrulega mjög erfið og þröng. Ef á versta veg færi og hér legðist af útgerð og fiskvinnsla þá sjá allir að það sem við töldum okkur eiga er horfið. Heilt byggðarlag hefur verið sett á núll og ekkert eftir nema blessaðar skuldirnar okkar,“ segir Guðmundur og bætir við. „En Flateyringar eru þó langt frá því að vera á því að gefast upp, það er baráttuandi í okkur eins og alltaf.“ – *thelma@bb.is*

Um 800 innlagnir á ári

Um það bil 800 innlagnir eru á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði á ári.

suður með sjúkraflugi eða landleiðina, þá mun það kosta peninga. Ef hver flutningur kostar 300 þúsund kr. gerir bara það 120 milljónir kr. á ári. Hvað kostar svo meðhöndlun allra þessara sjúklinga fyrir sunnan? Samkvæmt sama fjárlagafrumvarpi nákvæmlega ekkert, enda áætlað að verja um 500 milljónum minna til þess arna í Reykjavík en áður. Hver greiðir uppihald og ferðakostnað barnshafandi kvenna (50-70 á ári) sem bíða fæðingar fyrir sunnan? Kostar ekkert að meðhöndla sjúklinga fyrir sunnan? Hvergi kemur fram að á móti sparnaðinum hér fyrir vestan og rústun samfélagsins komi fram neinn kostnaður við flutning eða tilfærslu sjúklinga suður.“

Fram kemur í fjárlagafrumvarpinu að sjúkraflutningar skulu efldir í kjölfar niðurskurðarins. „Bráð einkenni um alvarlega sjúkdóma eða alvarlegt tjón af völdum slysa þarf að vísa til Reykjavíkur. Ég segi einkenni um sjúkdóm eða slys því greiningin verður oftar en ekki fengin öðruvísi en með rannsóknum sem ekki verða alltaf í boði heima í héraði þá stundina. Miklu fleiri verða sendir suður en raunveruleg þörf er á því ekki verður hægt að útiloka að um alvarlegt ástand sé að ræða og ekki verður metið hvort að brjóstverkur eða kviðverkir sem dæmi séu nefnd séu af alvarlegum toga eða ekki. Sama gildir um brot og liðhlaup á útlimum sem hugsanlega þarf að rétta og festa. Það hefur hingað til bjargað mörgum að hægt er að fá greiningu og hefja meðferð meðan strax hvort sem beðið er eftir sjúkraflugi eða ekki en þá er það oftar en ekki teymisvinna lækna, svæfingarþjónustu, rannsóknadeilda (röntgen og blóðrannsókn) og hjúkrunar sem gera það kleift.“

Örn talar í lokin um ábyrgð. „En hver ber ábyrgð á þessum ólögum sem eru lögð fram til höfuðs Vestfirðingum án nokkurs rökstuðnings um raunsparnað. Eða eru stjórnvöld að vonast til að allir flýi suður eða ennþá lengra kannski í norræna velferðarkerfið svo byggð leggist hér af og kosti ekkert. Þá mun verða auðvelt að selja þá sem eftir verða inn í EB, þegar jafnrétti eymdarinnar er náð,“ segir Örn.

13,28% útsvar í Súðavíkurhreppi

Súðavíkurhreppur hefur samþykkt að álagning útsvars vegna ársins 2011 verði 13,28%. Þetta kom fram á sveitarstjórnarfundi þar sem fjallað var um álagningu tekjustofna og endurskoðun gjaldskráa fyrir árið 2011. Þar kom einnig fram að fasteignaskattur verði 0,47% fyrir A-flokk sem

felur í sér íbúðarhús og mannvirki í landbúnaði, 1,32% í B-flokki þar sem bókasöfn, skóla, íþróttahús, heimavistir og fleira er flokkað undir og 1,65% í C-flokki en til hans teljast iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Súðavíkurhreppur hefur einnig samþykkt að gjalddagar fasteignagjalda verði sex, þ.e. 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí og 1. ágúst 2011. Eindagi er fyrsti dagur næsta mánaðar og reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Fasteignargjöld undir 15.000 kr. verða innheimt í einu lagi og gjalddagi 1. mars. Fasteignagjaldainnheimta sem er undir 500 kr. í heildina á gjalddanda, hjón eða sambýlinga verða felld niður. Veittur verður 5% staðgreiðsluafsláttur af fasteignagjöldum, séu þau að fullu greidd eigi síðar en 4. mars.

– thelma@bb.is

Átt þú heimili í borginni?

Fallegar 2ja-3ja herb. íbúðir til leigu í tvo eða fleiri daga. Allt til alls. Gisting fyrir 2-6. Tilvalið fyrir fjölskyldur og ferðalanga. Einnig um jól og áramót. Verið velkomin!

Nánari upplýsingar í síma 698 9874 eða á eyjasol@internet.is

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Háls-, nef- og eyrnalæknir á Ísafirði

Ólafur Guðmundsson, háls-, nef- og eyrnalæknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 18.-20. nóvember.

Tímapantanir eru í síma 450 4500, alla virka daga frá kl. 08:00-16:00.

Biggibix. Mynd: Baldur Páll Hólmgeirsson.

Biggibix fær góða dóma

Ísfirski tónlistarmaðurinn Biggibix, Birgir Örn Sigurjónsson, fær góða dóma í tónlistarritinu The New York Grapevine eftir frammistöðu hans á Airwaves tónlistarhátíðinni í síðasta mánuði. Blaðamaðurinn byrjar á því að vitna í lýsingu hátíðarhaldara á tónlist Biggabix þar sem segir að hún sé fjölþætt rokkað íslenskt popp. „Ég mætti fimmtán mínútum of snemma á tónleikanna og var örlítið áhyggjufullur þar sem enginn annar var mættur. Það breyttist fljótlega þegar Biggibix kom á sviðið og tryggir aðdáendur flykktust inn í salinn í Iðnó.

„Það sem kom næst var tónlist sem erfitt er að troða undir hatt þröngra skilgreininga. Popp, rokk og allt, já allt þetta og svo mikið meira,“ segir í greininni. Hann mælir með því að fólk kíki á myndband af framkomu Biggabix og dæmi sjálft og segir. „Ekki aðeins get ég lofað því að þið verðið ekki fyrir vonbrigðum heldur get ekki ég lofað því að þið verðið ekki samstundis aðdáendur.“

– thelma@bb.is

Stjórnlagaþing og veruleikinn

Stakkur skrifar

Mun stjórnlagaþing sem kosið verður til 27. nóvember n.k. bæta íslenskt samfélag? Heldur er það ótrúlegt. Ljóst er að fjármunir sem til þess fara, geta bætt stöðu heilbrigðiskerfisins á landsbyggðinni, sem höfðuborgarbúum virðist fremur í nöp við nema til sumarleyfisdvalar og veiðimennsku þegar þeim hentar. Stjórnlagaþing kostar hálfan milljarð króna, eða 500 milljónir. Að auki verður nánast ómögulegt að kjósa til þess. Yfir 520 eru í framboði allt vel meinandi fólk og sumt með reynslu. En hvar er nú virðing Alþingis?

Nú vantar Íslendinga kjarkaða stjórnmálamenn, en koma þeir fram? Nei, það gera þeir ekki, ekki enn að minnsta kosti. Nú skýla þeir sér á bak við orðið lýðræði og halda því fram að betra sé að kjósendur stjórni. Fólk sem þannig hugsar og talar, áttar sig tæpast á fulltrúalýðræði og eðli þess. Það var kallað skrílræði í Aþenu til forna ef allir réðu og enginn stjórnaði. Við Íslendingar þörfnumst manna, jafnt kvenna og karla, sem þora að stjórna og láta ekki rekast undan fjöldanum. Svo einfalt er það. Við þurfum Churchill eða Ólaf Thors eða minnsta kosti jafnoka þeirra til þess að taka við stjórn, menn sem eru í tengslum við þjóð sína og vita hvernig á að komast út úr vandanum.

Nú er svo komið að vel menntað fólk flýr land. Síðustu árin hafa 100 læknar farið úr landi eða sleppt því að koma heim til Íslands að loknu löngu sérnámi. Það eru ekki bara þeir sem yfirgefa Ísland heldur líka fjölskyldur þeirra, makar og börn og ef til vill fleiri. Þetta fólk kemur sjaldan aftur. Fé sem fest hefur verið í menntun þeirra hverfur, allt vegna þess að enginn má hafa hærri laun en greidd eru forsætisráðherra. Hugsunin á bak við það er vafalaust góð, en líkt og margar hugsjónir á hún ekki við veruleikann. Stjórnmálamönnum er nauðsynlegt að halda tengslum við fólkið í landinu ella fer þannig fyrir þjóðinni að besta leiðin til að koma í gegn breytingum vel eða illa hugsuðum verður sú að berja í tunnur. Sú aðferð mun vart duga til langframa.

Það vantar atvinnu og mörgum finnst sem ekki sé um það samstaða í ríkisstjórn að efla hana. Við blasir að annar stjórnarflokkurinn berst af hörku gegn stefnumálum forsætisráðherra. Umsókn um aðild að Evrópusambandinu er skýrt dæmi um það. Framkvæmdir við virkjanir hafa farið hægt af stað. Sama gildir um það að reisa verksmiðjur sem nýta orkuna. Er ekki nóg að leikinn sé skrípaleikur í borgarstjórn Reykjavíkur? Ísland þarf á alvöru stjórnmálmönnum að halda sem skapa sér traust þjóðar og fyrirsvarsmanna atvinnulífs og launþegasamtaka. Leysa þarf mörg mál til að betur gangi og læra af gerðum mistökum. Það er best gert með samvinnu allra þeirra sem hlut eiga að máli. Hugmynd um stjórnlagaþing er góð til að dreifa huganum, en hún dregur úr virðingu þeirra sem kosnir eru á Alþingi og virðist líka draga úr þrótti Alþingis til góðra verka. Við viljum sjá samstöðu og traust.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

smáar

Til sölu er Subaru DL 1800 4WD árg. 1991. Dráttarkrókur, ekinn 250 þús. km. Nothæf sumar- og vetrardekk. Þarfnast viðhalds en þokkalegur vinnubíll. Uppl. í síma 437 1215.

Óska eftir kommóðu, gefins eða fyrir lítinn pening. Uppl. gefur Berglind í síma 898 9827.

Óskum eftir allskyns málningu til notkunar innanhúss og lítilli frystikistu. Upplýsingar gefnar í síma 847 0283.

Vantar þig svefnsófa? Komdu og gerðu tilboð. Er í úthverfi bæjarins. Uppl. í s. 864 3589.

Ertu orðin(n) áskrifandi?

Það er mun ódýrara að vera áskrifandi!

Yfir 30 manns sátu íbúafundinn í Hnífdal.

Gatnagerð og lagnamál til umræðu í Hnífsdal

Íbúalýðræði, staða sveitarfélagsins og horfur í atvinnumálum voru ofarlega á blaði á íbúafundi sem haldinn var í gamla barnaskólanum í Hnífsdal í síðustu viku. Að sögn Gabríelu Aðalbjörnsdóttur hjá Íbúasamtökum Hnífsdals, var fundurinn vel sóttur af íbúum og góður rómur gerður að honum. Til fundarins mættu Daníel Jakobsson, bæjarstjóri og Eiríkur Finnur Greipsson, formaður bæjarráðs.

„Á fundinum kom fram krafa íbúa um að fjármagn verði veitt í endurbætur í gatnagerð, enda margar götur í Hnífsdal mjög illa farnar og nánast ófærar fólksbílum og gangandi fólki. Þessum framkvæmdum hefur verið frestað í mörg ár en málið þolir illa frekari bið. Einnig bentu fulltrúar íbúasamtakanna á að ekki er fullur styrkur á vatni í Hnífsdal þar sem lagnakerfið er svo illa farið að það þolir ekki þrýstinginn. Þá voru fulltrúar bæjarins hvattir til að beita sér fyrir því að fjarskiptaþjónusta við íbúa innan bæjarfélagsins yrði jöfnuð,“ segir Gabríela.

Hún segir að íbúar hafi einnig lýst ánægju og þakklæti fyrir göngustíginn sem lagður var milli Ísafjarðar og Hnífsdals. „Hann er mikið notaður af íbúum og hefur vakið mikla lukku,“ segir Gabríela.

– kte@bb.is

Tófan herjar á æðarvarpið í Þernuvík

Æðarvarpið í Þernuvík við Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi gekk ágætlega síðastliðið sumar að sögn Konráðs Eggertssonar, sem ásamt Guðmundi Jakobssyni hefur staðið að uppbyggingu varpsins í tvo áratugi. „Þetta voru um 180 hreiður í ár sem er nokkuð fleiri en voru á síðasta ári, sem gefur eitthvað á þriðja kíló af dúni. Það gengur hægt að koma þessu upp en þó hefur hreiðrum ávallt fjölgað milli ára að undanskildum tveimur árum. Tófan hefur hins vegar verið mjög aðgangshörð síðastliðin tvö ár og mikil vinna farið í að verja varpið. Það tókst þó fyrir rest að fella varginn eftir mikinn eltingarleik,“ segir Konráð sem er mjög óánægður með framgöngu sveitarfélaganna í viðureigninni við tófuna.

„Sér í lagi hefur Ísafjarðarbær verið til mikillar skammar í þessum málaflokki. Súðavíkurhreppur hefur staðið sig betur, en það er lítið sveitarfélag sem hefur takmarkað bolmagn til þess að takast á við vandann. Hér er tófan ræktuð norður á Hornströndum og þaðan dreifir hún sér yfir Vestfirðina og veldur stórskaða. Þessu ráða einhverjir friðunarsinnar sem rækta tófu á stolnu landi,“ segir Konráð.

„Stórtíðindi fyrir hið bolvíska samfélag“

„Þetta er stóra stökkið og stórtíðindi fyrir hið bolvíska samfélag. Allavega hoppaði konan mín hæð sína af kæti,“ segir Bolvíkingurinn Guðmundur Gunnarsson sjónvarpsmaður í samtali við visir.is. Hann verður annar af kynnum í söngvakeppni Sjónvarpsins en Ragnhildur Steinunn mun snúa aftur á skjáinn eftir fæðingarorlof sitt og stýra keppninni af sinni alkunnu snilld með honum. Guðmundur vakti fyrst athygli fyrir skemmtileg innslög frá landsbyggðinni í fréttatímum Sjónvarpsins en hann hefur að undanförnu verið að gera þættina *Á meðan ég man* þar sem gamalt efni úr safni Ríkissjónvarpsins er í aðalhlutverki. Guðmundur segist gera sér vel grein fyrir því út í hvaða hákarlalaug hann sé að stökkva, söngvakeppnin sé stór hluti af íslenskri sjónvarpsmenningu enda fylgist rúmlega helmingur þjóðarinnar allajafna með.

„Það koma allir til með að hafa skoðanir á því hvernig maður segir hlutina og ekki síst í hverju maður er í útsendingu,“ segir Guðmundur, en eins og frægt er orðið hellti fagstjóri fatahönnunardeildar LHÍ sér yfir þær Evu Maríu og Ragnhildi Steinunni í fyrra og gagnrýndi þær harðlega fyrir klæðaburð sinn í úrslitaþættinum. Guðmundur segist ekki hræðast slíkar skeytasendingar en bætir því við að það verði gott að hafa vana manneskju sér við hlið. Sjónvarpsmaðurinn fer að hlæja þegar hann er spurður hvort hann sé ekki hreinlega næsti „Gísli Einarsson“, sjónvarpsstjarna landsbyggðarinnar, en sá vinsæli sjónvarpsmaður var einmitt einnig kynnir við hlið Ragnhildar Steinunnar fyrir daga Evu Maríu. „Ég er allavega ekki jafn frýnilegur og Eva,“ segir Guðmundur af mikilli hógværð.

Guðmundur Gunnarsson.

Guðmundur á sér sitt uppáhaldslag sem er Lífið er lag með hljómsveitinni Módel. Hann viðurkennir hins vegar að hann sé svona laumuaðdáandi, ólíkt syni sínum sem sé einhver harðasti Eurovision-aðdáandi sem sögur fari af. „Og hann verður örugglega mjög sáttur, ég verð eiginlega að hringja í hann og segja honum frá þessu.“

Krossgáta Cafe Catalina og Vestfirðinga.
Höfundur: Hafliði Magnússon frá Bíldudal.



Eiríkur ásamt fjölskyldu sinni.

Þakkir vestur

„Þann 14. nóvember næstkomandi er eitt ár síðan ég lenti í hræðilegu vinnuslysi í steypustöð BM Vallá í Bolungarvík þar sem ég braut báðar fæturnar mjög illa. Ég vil senda slökkviliði Bolungarvíkur, sjúkraflutningamönnum, læknum og hjúkrunarfólki á Ísafirði mínar bestu þakkir, það er ykkur að þakka að ég er á fótum í dag og sendi ég því innilegar þakkir fyrir mína hönd og fjölskyldu minnar.

Kær kveðja, Eiríkur Jónsson.

Eiríkur á meðan á endurhæfingunni stóð.

Þrjár góðar úr pokahorni Pálfríðar

Sælkeri vikunnar býður upp á þrjár dýrindis uppskriftir. Fyrst er það humar í hvítlaukssósu með grænmeti og að sjálfsögðu fylgir uppskrift að hvítlaukssósunni með. Einnig býður Pálfríður upp á tagliatelle með kjúkling og sveppum í rjómaostasósu sem er ljúffengur pastaréttur. Í restina fylgir svo uppskrift að súkkulaðibitahlunkum.

Sælkeri vikunnar er Pálfríður Vilhjálmsdóttir á Flateyri.

Sælkerinn

Humar í hvítlaukssósu með grænmeti

1 kg skelflettur humar
½ spergilkálshaus
10 stk meðalstórir sveppir
½ blaðlaukur
1 stk paprika rauð
Salt og pipar
Olía til steikingar

Hvítlaukssósa

2 dl fiskisoð (vatn og fiski kraftur)
2 dl rjómi
100 gr rjómaostur
3 stk hvítlauksgeirar, fínt saxaðir
1 msk sítrónusafi
½ búnt steinselja
2 stk súputeningar
Salt og pipar

Byrjið á því að laga sósuna. Öllu er blandað saman í pott og bragðbætt með súputeningi, salti og pipar. Skerið grænmetið smátt. Steikið humarinn í olíu á pönnu við snarpan hita, kryddið með salti og pipar. Setjið í eldfast mót. Bætið olíu á pönnuna og steikið grænmetið meyrt, setjið yfir humarinn. Hellið sósunni yfir og bakið í 200°C heitum ofni í 2-3 mínútur. Berið fram með ristuðu brauði og smjöri.

Tagliatelle með kjúkling og sveppum í rjómaostasósu

1 kjúklingur, úrbeinaður og skorin í litla bita
250 g sveppir, niðurskornir
2-3 hvítlauksrif
2 dl rjómi
200 g rjómaostur
Steinselja, smátt söxuð
Salt og pipar
2 ausur kjötsoð (vatn og súputeningur)
Rifin parmesan ostur
Olía til steikingar
500 g Tagliatelle

Pastað soðið skv. leiðbeiningum á pakka. Steikið kjúklinginn í olíu. Bætið síðan sveppunum, hvítlauknum og steinseljunni á pönnuna og steikið í nokkrar mínútur. Kjötsoðinu, rjómanum og rjómaostinum bætt út í og látið malla þar til rjómaosturinn er bráðnaður. Kryddað með salti og pipar. Pastanu og sósunni er svo blandað saman í skál, parmesan ostinum stráð yfir og blandað saman við. Borið fram með hvítlauksbrauði og góðu salati.

Súkkulaðibitahlunkar

150 g smjör/smjörlíki
200 g púðursykur
50 g sykur
1 pakki Royal vanillubúðingsduft
1 tsk vanillusykur
2 egg
270 g hveiti
1 tsk matarsódi
1 poki súkkulaðidropar

Hrærið smjörið, púðursykri, sykri, vanillusykri og búðingsdufti mjög vel saman. Eggjum bætt í, einu í einu, hrært vel á milli. Hveiti, matarsóda og súkkulaði hrært saman við en ekki hræra lengi. Ein kúfuð matskeið af deigi sett á plötu sem er klædd bökunarpappír og bakað í 12-14 mínútur við 180°C. Kökurnar eru bakaðar ljósbrúnar. Þær lyfta sér töluvert og falla svo þegar þær eru teknar úr ofninum. Eiga að vera frekar linar. Uppskriftin gerir ca 24 kökur.

Ég skora á Lilju Kristinsdóttur á Flateyri að vera næsti sælkeri.

Fjórir buðu í sorphirðu- og förgun

Sautján tilboð bárust í sorphirðu og sorpförgun í Ísafjarðarbæ. Tilboðin voru opnuð í síðustu viku og komu frá fjórum aðilum að sögn Jóhanns Birkis Helgasonar, sviðstjóra tæknideildar Ísafjarðarbæjar. Hæsta tilboðið hljóðaði upp á 219 milljónir króna og það lægsta var 116 milljónir króna. Á grundvelli tilboðanna mun bæjarstjórn síðan ákveða hvort hagkvæmt sé að endurnýja sorpbrennslustöðina Funa eða haga sorphirðu og förgun á annan hátt.

Framtíð Funa ræðst af hagkvæmni tilboðanna.

Fyrirtækin sem buðu í verkið voru GT hreinsun ehf. í Hafnarfirði sem sendi inn eitt aðal tilboð og eitt fráviks tilboð. Gámaþjónusta Vestfjarða á Ísafirði skilaði einu aðal tilboði og níu fráviks tilboðum, Íslenska gámafélagið ehf. í Reykjavík skilaði einu aðal tilboði og tveimur fráviks tilboðum, Kubbur ehf á Ísafirði skilaði einu aðal tilboði og einu fráviks tilboði.

Jóhann Birkir segir að nú verði farið yfir útreikninga og tilboðin borin saman „Sú vinna tekur að minnsta kosti viku og að henni lokinni fær nefnd um sorpmál tilboðin til umfjöllunar. Þá mun nefndin leggja til við bæjarstjórn að samið verði við ákveðinn aðila, en þetta ferli mun taka nokkrar vikur þannig líklega verður ekki gengið til samninga fyrr en um næstu mánaðarmót," segir Jóhann Birkir.

Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 185 milljónir króna. Þá var reiknað með að rekstur Funa, eftir endurbyggingu stöðvarinnar, myndi verða í kringum 145 milljónir króna á ársgrundvelli.

– kte@bb.is

ERT ÞÚ EKKI ÖRUGGLEGA MEÐ ÓB-LYKIL?

-10 kr.

Í FYRSTA SKIPTI, SÍÐAN ALLTAF –2 KR.
ÞÚ SÆKIR UM LYKIL, FÆRÐ HANN SENDAN FRÍTT OG BYRJAR STRAX AÐ SPARA.

Sæktu um ÓB-lykilinn á ob.is

ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Icelandair.
Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141.

PIPAR\TBWA • SÍA • 102606

31 stöð um land allt. **www.ob.is**